



Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið  
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Fjarðabyggð 6.nóvember 2023

Tilvísun 2306081

**Efni:** Umsögn um þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, mál nr. 112/2023.

Fjarðabyggð hefur tekið til umsagnar samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038. Samgönguáætlunin er byggð upp á grunni stefnumótunar um að samgöngur séu greiðar, öruggar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðaðþróun.

Fjarðabyggð tekur undir meginmarkmið áætlunarinnar, um að innviðir mæti þörfum samfélagsins og að sjálfbærar byggðir og sveitarfélög verði um land allt.

Fjarðabyggð leggur þunga áherslu á ákveðna þætti áætlunarinnar og áskilur sér að koma aftur að áætluninni, sérstaklega með vísan til þess að samgönguáætlun mun koma til afgreiðslu Alþingis.

Meginmarkmið áætlana í samgöngumálum er að innviðir á þessu sviði mæti þörfum samfélagsins, þ.e. heimila og atvinnulífsins. Meginforsenda samgönguáætlunar byggir á fjármögnun hennar og er bent á að sem hlutfall af fjárlögum ríkisins fer ávallt minni hlutdeild til uppbyggingar og viðhalds þessara mikilvægu innviða sem eru grundvöllur verðmætasköpunar í íslenska hagkerfinu. Til nýframkvæmda í vegakerfinu samkvæmt þessum drögum að samgönguáætlun, sem eru innan fjármálaáætlunar, fara samtals um 68 milljarðar króna á fyrsta fimm ára tímabili áætlunarinnar. Þetta er um 0,94% af heildarútgjaldaramma málefna sviða ríkisins þessi sömu 5 ár samkvæmt fjármálaáætlun 2024-2028. Til viðmiðunar má nefna að árið 2008 voru á fjárlögum framkvæmdir í samgöngumálum samtals um 5,2% af heildarútgjaldaramma fjárlaga það ár.

Það er því ljóst að samgönguáætlun sú sem lögð er fram boðar niðurskurð sem ekki er í samræmi við markmið hennar. Þetta er grafalvarlegt mál þar sem samgönguinnviðir eru lífæð samfélaga um allt land sem eru undirstaða og grundvöllur verðmætasköpunar í íslenska hagkerfinu. Verðmætasköpun í Fjarðabyggð er hlutfallslega stór hluti hagkerfisins og útflutningsatvinnuvegir þess afla verulegra gjaldeyrstekna fyrir þjóðarbúið. Samgöngur eru undirstaða kraftmikillar uppbyggingar atvinnulífsins sem kallar jafnframt á stórauðna umferð á svæðinu, m.a. vegna skóla-, þjónustu- og atvinnusóknar sem hluta af eðlilegum lífsgæðum og þjónustuaðgengis. Mikið er um flutning á afurðum og vörum til og frá höfnum svæðisins og á milli fyrirtækja vegna álframleiðslu, sjávarútvegs og laxeldis svo dæmi séu nefnd. Fyrir nýsköpun í ferðaþjónustu sem byggir á öruggum og greiðum samgöngum eru tafir á úrbótum veruleg hindrun. Það er ljóst að íbúar og samfélagið í Fjarðabyggð er að leggja sitt af mörkum til þjóðarbúsins en miðað við fyrirliggjandi drög að samgönguáætlun þá eru ekki gert ráð fyrir



nýframkvæmdum innan sveitarfélagsins fyrr en á síðari hluta fyrsta tímabil. Þetta er óásættanleg staða fyrir íbúa og atvinnulíf sveitarfélagsins.

### Suðurfjarðarvegur

Fjarðabyggð ítrekar enn og aftur að framkvæmdum við Suðurfjarðarveg verði flýtt. Vegurinn er hluti af hringveginum en engar endurbætur hafa verið gerðar á honum þrátt fyrir að hann sé metinn einn hættulegasti vegakaflí landsins. Brýrnar á honum eru orðnar verulegur áhættuþáttur í þungaflutningum til og frá sunnanverðum Austfjörðum á eina stærstu vöruflutningarhöfn landsins á Mjóeyrarhöfn. Ört vaxandi umferðarþungi flutninga, ferðamanna sem og annarra ökumanna kallar á tafarlausar úrbætur. Á vegkaflanum hafa orðið alvarleg slys á undanförunum árum enda eru margir hlutar hans hættulegir samkvæmt alþjóðlegum umferðarstöðlum. Vegurinn er hlykkjóttur og mjór með fjölmörgum blindhæðum og á honum eru fimm einbreiðar brýr. Á suðurfjarðarveginn var lagt bundið slitlag árið 1988 til bráðabirgða á gamlan ófullnægjandi veg sem 35 árum síðar stendur enn og vegurinn er nú hluti hringvegarins. Sú staða er með öllu óásættanleg og ekki til eftirbreytni. **Á haustþingi SSA 2023 var skorað á stjórnvöld að skoða, þegar til þess kemur, hvort skynsamlegra sé að gera göng um Suðurfirði í stað endurgerðar Suðurfjarðarvegar út frá arðsemi, öryggi og styttingar á þjóðvegi 1. Haustþingið lagði þó jafnframt áherslu á að sú skoðun myndi ekki seinka framkvæmdum sem nú eru tillögur um og mega ekki bíða.<sup>1</sup>**

- Fjarðabyggð krefst þess að lokið verði verkhönnun allra áfanga Suðurfjarðarvegar á árinu 2024 þannig að þeir verði tilbúnir til útboðs.
- Fjarðabyggð krefst þess að færslu hringvegarins í Reyðarfjarðarbotni og byggingu nýrra brúa yfir Sléttuá og Fossá verð flýtt. Brúin yfir Sléttuá er umferðarþyngsta einbreiða brú á Austurlandi og er jafnframt ein elsta brúin á hringveginum í dag. Þegar Fáskrúðsfjarðargöngin voru byggð var framkvæmdin hluti af þeim nýframkvæmdum sem þá áttu að eiga sér stað en var frestað. Fjarðabyggð leggur þunga áherslu á að framkvæmdum verði lokið ekki seinna en í árslok 2025. Brúin yrði vígd á 20 ára afmæli Fáskrúðsfjarðarganga.
- Í beinu framhaldi af flýtingu Reyðarfjarðarbotns þá þarf að færa endurbætur á hringveginum frá Fáskrúðsfjarðarbotni til Víkur og þar með endurnýjun brúa á Dalsá og Tunguá framar þannig að hefja megi þær framkvæmdir í framhaldi af færslu hringvegarins í Reyðarfjarðarbotni.
- Samhliða endurnýjun brúa á Dalsá og Tunguá verði brú yfir Stöðvará endurnýjuð sem nauðsynlegt er að gera sem fyrst vegna burðarþols, þannig að ljúka megi þeim framkvæmdum sem tilgreindar eru sem Stöðvarfjörður – Kambaskriður snemma á 2. tímabili áætlunarinnar. Hagkvæmni felst í því að ljúka samhliða endurnýjun brúanna.
- Þá leggur Fjarðabyggð áherslu á að stærri hluti af verkinu sem tengist kaflanum frá Vík til Stöðvarfjarðar færist yfir á 2. tímabil áætlunarinnar þannig að ljúka megi verkinu sem fyrst.
- Með brúarframkvæmdunum fækkar einbreiðum brúm um 5 á þjóðvegi 1 sem er mikilvægur áfangi í auknu umferðaröryggi.

<sup>1</sup> [HaustthingSSA 2023 Alyktanir .pdf \(austurbru.is\)](#)



- Ekki er hægt að fara með undanþáguökutæki um Suðurfirði til og frá Reyðarfirði en á þessa tegund ökutækja reiðir atvinnulífið sig mikið á við bæði uppbyggingu og dagleg störf.
- Farsímasamband er víða stopult á Þjóðvegi 1 um firði og Fagradal og er suðurfjarðarvegur þar engin undantekning. Mikilvægt er að bæta farsímasamband á Þjóðvegi 1 og auka þar með öryggi fólks í umferðinni.

Samgöngur um Suðurfirði eru auk þess að vera hluti af hringveginum samgöngur innan sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Tvö byggðalögin syðst í sveitarfélaginu, Breiðdalur og Stöðvarfjörður hafa verið þátttakendur í verkefninu Brothættar byggðir og reiða sig á öruggar samgöngur innan sveitarfélagsins til að sækja nauðsynlega þjónustu s.s. skólahald, íþróttir, æskulýðsstarf og afþreyingu. Samgöngur þessara byggðalaga þarf að bæta þannig að þær verðir öruggar og nái markmiðum samgönguáætlunar.

### Jarðgangaáætlun

Fjarðabyggð mótmælir harðlega að breytt var samþykkt og yfirlýstri forgangsöröðun Alþingis sem fram kom í síðustu samgönguáætlun varðandi jarðgangnamál. Fjarðarheiðargöng og Mjóafjarðar-/Seyðisfjarðargöng voru inn á samþykktu samgönguáætlun og augljóst að næstu skref væru rannsóknir og hönnun seinni hluti framkvæmdarinnar sem átti að fara af stað miðað við gildandi áætlun.

Það vekur furðu að í nýrri jarðgangnaáætlun og í þeim forsendum sem Vegagerðin gefur sér í „Tillögum að forgangsöröðun jarðgangnakosta“ sé það skilgreint sem svo að samþykkt forgangsöröðun Alþingis í gildandi samgönguáætlun hafi ekki náð til Mjóafjarðar-/Seyðisfjarðarganga. Í nefndaráliti með síðustu samgönguáætlun sem samþykkt var á Alþingi kom fram:

*„Meirihlutinn leggur áherslu á að jarðgangagerð á Austurlandi skilar ekki fullum ávinningi nema verkefnið verði unnið sem samfelld heild sem skilar hringtengingu vega í landshlutanum. Því þarf seinni áfanginn, göng milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar, að fylgja í kjölfar Fjarðarheiðarganga. Raunar gæti vinna við göngin milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar hafist áður en vinna við Fjarðarheiðargöng er að fullu lokið. Meirihlutinn leggur því áherslu á að rannsóknnum og undirbúningi við hringtenginguna ljúki sem fyrst svo að hægt verði að hefja framkvæmdir um leið og fjármagn er fyrir hendi.“*

Fyrri samgönguáætlun gerði ráð fyrir að hringtengingu yrði forgangsraðað sem heildstæðri áætlun og er um að ræða brostnar forsendur fyrir markmiðum gangnagerðarinnar sem einni heild til að styrkja byggðaðróun og stækka atvinnusvæði Austurlands.

Hringtenging Mið-Austurlands er sú leið sem Austfirðingar hafa sameinast um í Svæðisskipulagi Austurlands 2022 - 2044 og finna má í gildandi samgönguáætlun.<sup>2</sup> Í svæðisskipulaginu, sem samþykkt hefur verið af öllum sveitarstjórnnum landshlutans, kemur fram með skýrum hætti að áherslu beri að leggja á hringtengingu miðsvæðisins. Hún er forsenda þess að tryggja megi umferðaröryggi vegfarenda og að svæðið verði ein öflug atvinnu- og samfélagsheild. Það er því algjörlega óásættanlegt að hringtengingin sé slitin í sundur í núverandi drögum og þar með er arðbærni og ávinningi gangnagerðarinnar telt í tvísýnu. Gríðarlegt kostnaðaróhagræði hlýst af því að kljúfa verkið svo ekki sé minnst á

<sup>2</sup> [Byggð og grunnkerfi | Svæðisskipulag Austurlands](#)



töpuð tækifæri í vaxandi hagkerfi á Austurlandi þar sem verðmætasköpun er mikilvæg fyrir þjóðarbúið. Austurland er hagkerfi sem hefur fulla burði til að vaxa hratt með bættum samgöngum. Með hringtengingunni er rofin einangrun Mjóafjarðar sem bæði er mikið öryggismál en einnig felst í því fjölmörg tækifæri fyrir aukna verðmætasköpun í ýmsum atvinnugreinum. Þá er einnig mikilvægt að hafa það í huga að hluti atvinnulífsins Seyðisfjarðar og Norðfjarðar er samtengt í sjávarútvegi. Því er mikilvægur grundvöllur þegar til staðar til að nýta tækifærin sem skapast með þessari tengingu svo ekki sé minnst á allan annan ávinning sem kæmi með tengingunni og fjallað var um í skýrslu starfshóps sem ráðherra skipaði.<sup>3</sup>

- Fjarðabyggð krefst þess að staðið sé við þá grundvallarforsendu sem stóð á bak við forgangsröðun jarðgangna í síðustu samgönguáætlun sem samþykkt var á Alþingi um hringtengingu Mið-Austurlands. Krafist er þess að fjármagn sé eyrnamerkt til rannsókna og undirbúnings strax á árinu 2024 í Mjóafjarðar/Seyðisfjarðargöng. Ljóst er að tenging Mið-Austurlands með jarðgöngum er sá kostur sem mun skipta sköpum í eflingu samfélagsins á Austurlandi.
- Fjarðabyggð vill einnig ítreka að bæta þurfi samgöngukerfi Mjóafjarðar þar til ný göng opna sem rjúfa einangrunina. Ber þá hæst lagfæring og viðhald á vegi frá Brekkuborpi inn í fjarðarbotn og viðhald á veginum yfir Mjóafjarðarheiði en fjörðurinn er sívaxandi ferðamannastaður enda þar margar perlur sem eru fjölsóttar af ferðamönnum.

## Ferjusiglingar

Samgönguáætlunin tiltekur ekki ferjuleið til Mjóafjarðar sem vekur athygli þar sem taldar eru upp ferjuleiðir sem eru hluti af grunnnetinu. Íbúar Mjóafjarðar eiga skýlausan rétt á þeirri grunnþjónustu sem öruggar samgöngur eru eins og aðrir íbúar þessa lands. Meðan beðið er bættra samgangna um jarðgöng leggur Fjarðabyggð áherslu á að ferjusiglingar séu tryggðar við Mjóafjörð en samgöngumál Mjóafjarðar verði í náinni framtíð leyst með öðrum hætti en af sjó eins og nú er stærstan hluta ársins.

## Flugsamgöngur og flugvellir

Norðfjarðarflugvöllur sem sjúkraflugvöllur er vegna staðsetningu sinnar við Umdæmissjúkrahús Austurlands á Norðfirði mikilvægur þáttur í öryggisneti og heilbrigðisþjónustu á Austurlandi. Hefur notagildi hans sannað sig undanfarin ár eftir að völluminn var endurbættur. Hefur sjúkraflug meira en tvöfaldast og ljóst að um mjög þarfar framkvæmdir var að ræða. Mikilvægt er að áfram verði unnið reglubundið að endurbótum hans og að fé sé tryggt til aukins rekstrar á vellinum í tengslum við fjölgun fluga. Þannig verður hann sem best í stakk búinn til að sinna hlutverki sínu sem öryggis- og neyðarflugvöllur sem reynst hefur sem lífsbjörg fyrir íbúa landshlutans.

Öflugt flug á Austurland er bæði íbúum og fyrirtækjum í Fjarðabyggð gríðarlega mikilvægt og því nauðsynlegt að það eigi sér stað áframhaldandi uppbygging bæði á Reykjavíkflugvelli og Egilsstaðaflugvelli sem fyrst. Loftbrúin gegnir lykilhlutverki varðandi upplifun íbúa á aðgengi að höfuðborgarsvæðinu og mjög mikilvægt að frekari skref verði stigin í þróun hennar s.s. með fjölgun ferða. Þá leggur Fjarðabyggð áherslu á mikilvægi

<sup>3</sup> [Sevðisfjarðargöng skýrsla.pdf \(stjornarradid.is\)](#)



Þess að horft sé til bæði varaflugvallarhlutverks Egilsstaðaflugvallar á tímum eldsumbrota á Reykjanesi sem og uppbyggingu hans sem annarrar gáttar fyrir ferðamenn til landsins. Þá er mikilvægt að horfa til aukinnar framleiðslu á ferskvöru s.s. í formi eldisfisks og tækifærum til útflutnings beint úr landshlutanum um flugvöllinn í þeim uppbyggingaráformum sem unnið er að. Fjármunir sem innheimtast með varaflugvallargjaldi eiga skýlaust allir að renna til uppbyggingar varaflugvalla og þar hafa flugrekstraraðilar ávallt forgangsraðað uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar.

### Almenningssamgöngur

Mikilvægi almenningssamgangna til að auka jafnræði í aðgengi að þjónustu eykst með hverju árinu. Fjarðabyggð er fjólkjarna sveitarfélag og þörfin fyrir markvissa sýn stjórnvalda og vinnu tengt almenningssamgöngum mikil. Mikilvægt er að stefna um almenningssamgöngur „ferðumst saman“ komi til framkvæmda sem fyrst en lítið hefur borið á úrbótum í þessum efnium undanfarin ár. Mikilvægt er að í samgönguáætlun sé settar inn vörður um þróun almenningssamgöngukerfisins í landshlutanum þannig að hægt sé að horfa til þess við mótun annarra stefna á vettvangi sveitarfélagsins.

### Vetrarþjónusta

Fjarðabyggð leggur áherslu á að vetrarþjónusta sé bætt og þjónustustig innan sveitarfélagsins sé samræmt þannig að íbúar geti reitt sig á sömu þjónustu innan sveitarfélagsins hvað varðar hálkuvarnir og snjóruðning milli þéttbýliskjarna. Það eru því mikil vonbrigði að ekki er gert ráð fyrir að aukið fjármagn renni til vetrarþjónustu á gildistíma áætlunarinnar. Það er ekki ásættanlegt bæði fyrir atvinnulíf eða samfélagið í Fjarðabyggð. Ljóst er að vetrarveður eru misjöfn eftir svæðum en mikilvægt er að hraðari þróun verði á bæði á öflun staðbundinna veður- og færðarupplýsinga sem og að viðeigandi viðbrögð verði tímanlegri og þeim miðlað á skilvirkan hátt.

Krafist er að snjóflóðavarnir í Grænafellum sé færðar fram í áætluninni og komi til framkvæmda á fyrsta tímabili áætlunarinnar. Nú nýverið skapaðist hamfaraástand á Austurlandi og ljóst að snjóflóð í Grænafellum jók mjög á vanda viðbragðsaðila varðandi flutning á aðföngum og stýringu aðgerða. Aðstæðum sem þessum þarf að bregðast við tafarlaust með ákvörðun um úrbætur og verða áætlanir að taka endurskoðun í ljósi þeirra aðstæðna sem raungerðust í mars á þessu ári.

### Tengivegir

Fjarðabyggð vekur athygli á að ekki er gert ráð fyrir vegsamgöngum til Norðfjarðar nema um Norðfjarðargöng. Engin varaleið er skilgreind í vegakerfinu til byggðalagsins en nýleg atvik vegna lokunar Norðfjarðarganga hafa sýnt fram á mikilvægi þess að eldri vegi um Oddskarð sé nægjanlega vel viðhaldið þannig að hann geti þjónað sem varaleið í slíkum tilvikum.

### Gjaldtaka af umferð

Fjarðabyggð vill hvetja ráðuneytin til að hraða eins og kostur er verkefnum vinnustofu ráðuneyta um gjaldtöku af umferð. Það er óforsvaranlegt að þessi vinna sé að tefjast eins og raunin er. Skýr skilaboð þurfa að koma með hvaða hætti stefnt er að gjaldtöku af umferð. Augljóst er að gjaldtaka getur aukið álag á samfélag og atvinnulíf staðbundið ef hún er ekki útfærð á sanngjarnan og réttlátan hátt á landsvísi þannig að jafnræðis sé gætt



## Að lokum

Fjarðabyggð vill að lokum ítreka mikilvægi þess að horft verði til framgreindra athugasemda við frekari vinnslu samgönguáætlunar 2024-2038, enda mikilvægt að samgönguinnviðir í Fjarðabyggð styðji við áframhaldandi verðmætasköpun fyrir þjóðarbúið í heild sinni.

Fh. Fjarðabyggðar  
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri